# AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030

## Breyting á aðalskipulagi: Rammahluti aðalskipulags - Þróun byggðar í Vaðlaheiði

## SKÝRINGAR

### LANDNOTKUN

- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýlismörksmörk
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Verslun og þjónusta (VÞ)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Athafnasvæði (AT)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Frístundabyggð (F)
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Opin svæði (OP)
- Flugvellir (FV)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Óbyggð svæði (ÓB)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Önnur náttúruvernd (ÖN)
- Hverfisverndarsvæði (HV)
- Friðlýstar fornminjar
- Vatnsbólasvæði (VB)
- Vatnsvernd, grannsvæði
- Vatnsvernd, fjarsvæði
- Hindranaflötur flugvallar (HF)

### ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnvegir (V.nr.)
- Tengivegir (V.nr.)
- Aðrir vegir (til skýringar)
- Stofnreiðleiðir (RS)
- Héraðsreiðleiðir (RH)
- Gönguleiðir (GL)
- Göngu- og hjólastígar (GH)
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína)
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína) sem hverfur á skipulagstímabilinu
- Flutningslína rafveitukerfis (jarðstrengur)
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Ljósleiðari
- Fjarskiptasendar

### ALMENNAR SKÝRINGAR

- Hæðarlínur (20 m)
- Byggingar
- Eyðibýli




GILDANDI AÐALSKIPULAG - KAUPANGSSVEIT
SÉRUPPDRÁTTUR: NORÐURHLUTI-BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR

### ÍBÚÐARBYGGÐ, GILDANDI AÐALSKIPULAG

| Númer | Heiti | Stærð | Fjöldi íbúða | Lýsing |
|---|---|---|---|---|
| ÍB13 | Syðri-Varðgjá | 18,1 ha | Um 40 | Átta íbúðarsvæði misstór. Byggt að hluta. |

### ÍBÚÐARBYGGÐ, BREYTT AÐALSKIPULAG

| Númer | Heiti | Stærð | Fjöldi íbúða | Lýsing |
|---|---|---|---|---|
| ÍB13 | Syðri-Varðgjá | 17,8 ha | Að hámarki 3 íb/ha | Sex íbúðarsvæði misstór. Byggt að hluta. |

### ÍBÚÐARBYGGÐ, NÝ SVÆÐI

| Númer | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði | Aðkoma |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍB 34 | 10 | Ytri-Varðgjá | Óbyggt svæði. | Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði og skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha. | Aðkoma um nýja vegtengingu frá Veigastaðavegi. |
| ÍB 35 | 7.2 | Syðri Varðgjá og Brekkulækur | Tvö hús en öðru leyti óbyggt svæði. | Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði og skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha. Kvöð um aðkomu og lagnaleiðir að F19. | Aðkoma um núverandi vegtengingu frá Veigastaðavegi. |
| ÍB 36 | 3 | Svartiskógur | Óbyggt svæði. | Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði og skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha. | Aðkoma um nýja vegtengingu frá Veigastaðavegi. |
| ÍB 37 | 8 | Eyrarland | Þrjú hús en öðru leyti óbyggt svæði. | Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði og skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha. Hluti svæðis var áður skilgreint sem frístundabyggð. Heimilt að breyta skilgreiningu núverandi frístundahúsa uppfylli þau öll viðeigandi ákvæði byggingarreglugerðar um íbúðarhúsnæði. | Aðkoma um núverandi vegtengingar frá Knarrarbergsvegi og Eyrarland. |
| ÍB 38 | 0.3 | Eyrarland | Friðað íbúðarhús sem nýtt er sem geymsla | Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði og skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha. | Aðkoma um núverandi vegtengingar frá Knarrarbergsvegi og Eyrarland. |
| ÍB 39 | 11.5 | Leifsstaðabrúnir | Þrettán hús en öðru leyti óbyggt svæði. | Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði og skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha. Hluti svæðis var áður skilgreint sem frístundabyggð. Heimilt að breyta skilgreiningu núverandi frístundahúsa uppfylli þau öll viðeigandi ákvæði byggingarreglugerðar um íbúðarhúsnæði. | Aðkoma um núverandi vegtengingar frá Knarrarbergsvegi. |




BREYTT AÐALSKIPULAG - KAUPANGSSVEIT
SÉRUPPDRÁTTUR: NORÐURHLUTI-BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR

### ÍBÚÐARBYGGÐ, NÝ SVÆÐI

| Númer | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði | Aðkoma |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍB 40 | 2.5 | Eyrarland | Óbyggt svæði. | Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði og skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha. Hluti svæðis var áður skilgreint sem frístundabyggð. Heimilt að breyta skilgreiningu núverandi frístundahúsa uppfylli þau öll viðeigandi ákvæði byggingarreglugerðar um íbúðarhúsnæði. | Aðkoma um núverandi vegtengingar frá Knarrarbergsvegi. |
| ÍB 41 | 2.4 | Brúarland | Óbyggt svæði. | Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði og skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha. | Aðkoma með vegtengingu og lagnaleiðir í gegnum íbúðarsvæði ÍB15. |

### FRÍSTUNDABYGGÐ, SVÆÐI SEM FALLA ÚT

| Númer | Heiti | Stærð | Fjöldi húsa | Lýsing |
|---|---|---|---|---|
| F1 | Syðri-Varðgjá I | 0,3 ha | 1 | Svæði fyrir eitt hús, byggt. |
| F2 | Eyrarland | 2,9 ha | 7 | Tvö svæði, byggð að hluta. |
| F3 | Leifsstaðir | 13,3 ha | 24 | Svæði neðan Knarrarbergsvegar, byggt að hluta. |

### FRÍSTUNDABYGGÐ, NÝ SVÆÐI

| Númer | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði | Aðkoma |
|---|---|---|---|---|---|
| F18 | 11.7 | Ytri-Varðgjá | Óbyggt svæði. | Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði og skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 2 hús/ha. | Aðkoma með vegtengingu og lagnaleiðir í gegnum íbúðarsvæði ÍB12. |
| F19 | 4.5 | Syðri-Varðgjá | Óbyggt svæði. | Uppbygging í samræmi við rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði og skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 2 hús/ha. | Aðkoma með vegtengingu og lagnaleiðir í gegnum íbúðarsvæði ÍB35. |

**Sveitarstjórn leggur til að Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 verði breytt til samræmis við Rammahluta aðalskipulags - Þróun byggðar í Vaðlaheiði, sem unnið er fyrir Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhepp.**

Rammaskipulagið fjallar um þróun frístunda- og íbúðarbyggðar á svæði sem nær til beggja sveitarfélaganna og er skipulagið sett fram sem ein heildstæð stefna sem rammahluti Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020. Stefnan verður forsenda deiliskipulagsgerðar og framkvæmda við uppbygginguna á byggðum innan skipulagssvæðis í Vaðlaheiði.
Nánari upplýsingar, skilmála og áhrifamat má finna í greinargerð rammahluta aðalskipulagsins.

**Breytingar á greinargerð**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á texta í kafla 4.2 og 4.3 í greinargerð aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar:

**Frístundabyggð**

Skilgreindir eru nýir landnotkunarreitir í landi Ytri-Varðgjár **F18** og í landi Syðri-Varðgjár **F19** og eru sett fram sérákvæði um reitina í kafla 4.3 um frístundabyggð á bls. 22 þar sem kemur fram að uppbygging skuli vera í samræmi við skilmála rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði.

Landnotkunarreitir **F1, F2** og **F3** eru felldir úr gildi og fá nýja skilgreiningu sem íbúðarbyggðir með sérákvæðum um að frístundarbyggð er víkjandi. Reitur F1 sameinast inn í **ÍB13**, reitur F2 verður að **ÍB37** og reitur F3 verður tvískiptur **ÍB39 og ÍB40**.

**Íbúðarbyggð**

Texti í eftirfarandi köflum á bls. 19 og 20 er felldur úr skipulaginu:

- *Sérákvæði fyrir íbúðarsvæði í landi Ytri-Varðgjár (ÍB12), Syðri-Varðgjár (ÍB13), Eyrarlands (ÍB14) og Leifsstaða (ÍB16).*
- *Sérákvæði fyrir íbúðarsvæðið Fjörubyggð (ÍB22)*

Í staðinn verður til nýr kafli undir kafla 4.2 á bls. 18 fyrir núverandi landnotkunarreiti **ÍB12, ÍB13, ÍB14, ÍB15, ÍB16** og nýja landnotkunarreiti **ÍB34**, **ÍB35, ÍB36, ÍB37, ÍB38, ÍB39, ÍB40 og ÍB41**. Þar eru sett fram sérákvæði fyrir landnotkunarreitina um að uppbygging sé í samræmi við skilmála rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á landnotkunarreitum í töflum á bls. 18 og 23 í greinargerð aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar:

**Frístundabyggð**

Landnotkunarreitir **F1, F2** og **F3** eru felldir úr töflu. Nýir landnotkunarreitir **F18** og **F19** eru skilgreindir í töflu á bls. 23 í greinargerð aðalskipulags.

**Íbúðarbyggð**

Íbúðarsvæði **ÍB13** minnkar um 0,3 ha og verður 17,8 ha í stað 18,1 ha.

Nýir landnotkunarreitir eru skilgreindir í töflu fyrir íbúðarbyggð á bls. 18 í greinargerð aðalskipulags.

**Breytingar á uppdrætti**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á séruppdrætti aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar; norðurhluti - byggð og byggðarkjarnar.

**Frístundabyggð**

Landnotkunarreitir **F1** Syðri-Varðgjá I, **F2** Eyrarland og **F3** Leifsstaðir eru felldir úr skipulagi þar sem svæðin eru endurskilgreind sem íbúðarbyggðir **ÍB13**, **ÍB37, ÍB38 og ÍB39** og er frístundarbyggð víkjandi.

Nýr landnotkunarreitur fyrir frístundabyggð er skilgreindur ofan íbúðarbyggðar **ÍB35** í landi Syðri-Varðgjár og fær númerið **F19.** Stærð svæðis er 4,5 hektarar og eru kvaðir um vegtengingu í gegnum íbúðarsvæði **ÍB35.** Svæðið var áður skilgreint sem óbyggt svæði að hluta og skógræktar- og landgræðslusvæði að hluta. Skógræktar- og landgræðslusvæðið er ekki með samning um nytjaskógrækt og því er svæðið ekki skilgreint í töflu í greinargerð gildandi aðalskipulags.

Nýr landnotkunarreitur fyrir frístundabyggð er skilgreindur ofan íbúðarbyggðar **ÍB12** í landi Ytri-Varðgjár og fær númerið **F18.** Stærð svæðis er 11,7 hektarar og eru kvaðir um vegtengingu í gegnum íbúðarsvæði **ÍB12.** Svæðið var áður skilgreint sem óbyggt svæði að hluta og skógræktar- og landgræðslusvæði að hluta. Skógræktar- og landgræðslusvæðið er ekki með samning um nytjaskógrækt og því er svæðið ekki skilgreint í töflu í greinargerð gildandi aðalskipulags.

**Íbúðarbyggð**

Landnotkunarreitur **ÍB34** er skilgreindur á óbyggðu svæði neðan Veigastaðavegar í landi Ytri-Varðgjár. Stærð svæðis er 10,5 hektarar.

Skilgreindur er nýr landnotkunarreitur með númer **ÍB35** við Syðri-Varðgjá og Brekkulæk. Stærð svæðis er 7,2 hektarar og var áður skilgreint sem óbyggt svæði.

Núverandi landnotkunarreitur **ÍB13** er minnkaður um 0,6 hektara þar sem svæði við Syðri-Varðgjá og Brekkulæk er látið falla inn í nýjan reit **ÍB35**. Jafnframt bætist við 0,26 ha svæði við Fjörubyggð inn í reit ÍB13 sem áður var skilgreint sem frístundabyggð **F1.**

Skilgreindur er nýr landnotkunarreitur í landi Svartaskógar sem fær númerið **ÍB36** og er 3 ha að stærð. Svæðið var áður skilgreint á landnotkunarreit fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði.

Skilgreindur er nýr landnotkunarreitur **ÍB37** í landi Eyrarlands. Svæðið var áður skilgreint að hluta sem frístundabyggð **F2** sem fellur úr gildi og eru settir skilmálar um að frístundabyggð verði víkjandi. Stærð á nýjum landnotkunarreit er 8,0 hektarar og var áður skilgreint sem frístundabyggð, skógræktar- og landgræðslusvæði og landbúnaðarsvæði. Þá er skilgreindur lítill landnotkunarreitur **ÍB38** í landi Eyrarlands.

Skilgreindir eru tveir nýir landnotkunarreitir **ÍB39 og ÍB40** neðan Knarrarbergsvegar. Svæðið var áður skilgreint að hluta sem frístundabyggð **F3** sem fellur úr gildi og eru settir skilmálar um að frístundabyggð verði víkjandi. Stærð á nýjum landnotkunarreitum eru **ÍB39** = 11,5 ha og **ÍB40** = 2,5 ha.

Skilgreindur er nýr landnotkunarreitur **ÍB41** í landi Brúarlands. Svæðið er 2,4 ha að stærð og var áður skilgreint með landnotkun sem landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði.

**Samgöngur**

Skilgreindur er nýr göngu- og hjólastígur (GH4) meðfram Veigastaðavegi, Knarrarbergsvegi og Leifsstaðavegi. Göngu- og hjólastíg (GH2) meðfram Eyjafjarðarbraut eystri er hliðrað til austurs og látinn fylgja ströndinni neðan íbúðarsvæðis **ÍB14** í landi Eyrarlands og þaðan með eldri vegi neðan Leifsstaðabrúna til suðurs. Staðsetning og lega skal vera unnin í samráði við Vegagerðina. Gönguleið (GL12) meðfram strandlínu er framlengd að Skógarböðum og gönguleið (GL13) er hliðrað til norðurs og framlengd niður að Veigastaðavegi.

AÐALSKIPULAG
EYJAFJARÐARSVEITAR
2018-2030

SÉRUPPDRÁTTUR:
NORÐURHLUTI-BYGGÐ
OG BYGGÐAKJARNAR

STAÐSETNING
BREYTINGA



AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLS- MEÐFERÐ SKV. 1. MGR. 36. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR AUGLÝST FRÁ _________________ TIL ______________
VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN ÞANN __________________

________________________________________
SVEITARSTJÓRI EYJAFJARÐARSVEITAR

AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN VAR STAÐFEST AF SKIPULAGSSTOFNUN ÞANN__________________

_________________________ _________________________

Grunnkort: Landmælingar Íslands
Myndmældur hæðarlínugrunnur
Hnitakerfi: Lambert
Hnattstaða: ÍSNET 93
Mælikvarði A2: 1:15.000

N

Unnið fyrir: Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar
Unnið af: Landslag ehf

LANDSLAG

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030
Séruppdráttur: Norðurhluti - byggð og byggðakjarnar
Breyting á aðalskipulagi: Rammahluti aðalskipulags - Þróun byggðar í Vaðlaheiði
Dags: 16. des. 2024